

Sjávarútvegsnefnd Alþingis
Hlín Lilja Sigfúsdóttir
nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 03. mars 2006
2006020001/42-1
KHS/rsb

Umsögn varðandi þingsályktunartillögu um fiskverndarsvæði við Ísland, 52.mál

Vísað er í erindi dags 27. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar varðandi þingsályktunartillögu um fiskverndarsvæði við Ísland, 52. mál. Náttúrufræðistofnun biðst forláts á síðbúnu svari.

Lagt er til að fela sjávarútvegsráðherra að setja á stofn net fiskverndarsvæða við Ísland í þeim tilgangi að efla fullnýttar og ofnýttar nytjategundir, til að vernda mikilvæg búsvæði, með það að markmiði að auka afrakstur fiskveiða á Íslandsmiðum. Samhliða verði hafnar rannsóknir til að fylgjast með viðgangi lífríkis innan þessara svæða og árangurinn metinn eftir fimm og síðan 10 ár frá stofnun svæðanna. Í framhaldinu verði ákveðið hvort heppilegt sé að nýta fiskverndarsvæði til frambúðar sem hluta af stjórnkerfi fiskveiða. Með þessari þingsályktun fylgir ítarleg greinargerð þar sem fram kemur að fjölmörg dæmi eru um jákvæðan árangur af fiskverndarsvæðum þar sem veiðar eru bannaðar um langa hríð; stofnar vaxa, lífmassi og tegundafjölbreytni eykst og einstaklingar virðast sterkari og frjósamari. Einnig er vikið að leiðtogafundinum í Jóhannesarborg árið 2002 en þar var sérstaklega rætt um nauðsyn þess að stofna sem víðast verndarsvæði í hafinu og að stýra fiskveiðum og verndaraðgerðum með svokallaðri vistkerfisnálgun (ecological approach). Flutningsmaður telur því tillögu sína rökrétt framhald af alþjóðlegum skuldbindingum sem íslensk stjórnvöld hafa axlað.

Náttúrufræðistofnun mælir með samþykkt þessarar tillögu en telur jafnframt nauðsynlegt að víkka það sjónarhorn sem hér er gengið út frá, þ.e. að net verndarsvæða taki ekki einungis mið af verndarþörfum einstakra nytjategunda. Markmið yfirlýsingar leiðtogafundarins varðandi verndarsvæði var einmitt að hvetja til vistkerfisnálgunar (sjá t.d. http://www.johannesburgsummit.org/html/documents/summit_docs/2009_keyoutcomes_commitments.pdf). Því telur stofnunin eðlilegt að litið sé til fleiri þátta varðandi slík verndarsvæði. Loks er vert að benda á ákvæði náttúruverndarlaga (nr. 44/1999) er taka til verndarsvæða í sjó, en Náttúrufræðistofnun telur að vinna ætti skipulega að því að byggja upp net verndaðra svæða í hafinu umhverfis landið á grundvelli 54. gr. náttúruverndarlaga og með vísan í Ríósamninginn um líffræðilega fjölbreytni.

Virðingarfyllst

Jón Gunnar Ottósson
forstjóri